



# Starfsreglur dómara nefndar HSÍ

## 1. gr. Skipun

Dómara nefnd HSÍ starfar samkvæmt lögum HSÍ og reglugerð HSÍ um dómara og eftirlitsmenn og leysir úr málum eftir ákvæðum þeirra laga og reglna. Dómara nefnd skal skipuð a.m.k. 5 mönnum, sem stjórn HSÍ tilnefnir og skal nefndin að jafnaði vera skipuð reynslumiklum fyrrverandi dómurum.. Formaður nefndarinnar skal koma úr stjórn HSÍ en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.

## 2. gr. Fundir

Nefndin skal koma saman þegar þurfa þykir en að jafnaði eigi sjaldnar en annan hvern mánuð. Formaður boðar til funda og stýrir þeim. Nefndarmenn geta verið viðstaddir fundi með fjarfundabúnaði. Skrifstofa HSÍ annast útsendingu fundarboðs með dagskrá og heldur fundargerð sem hún sendir afrit af til nefndarmanna og framkvæmdastjóra HSÍ. Erindi til nefndarinnar skal vera skriflegt og sent til skrifstofu HSÍ eða í tölvupósti sem vísar erindinu til dómara nefndar til afgreiðslu.

## 3. gr. Hlutverk og verkefni

Dómara nefnd hefur umsjón með dómaramálum HSÍ, ber ábyrgð á flokkun og vali dómara á leiki á vegum sambandsins og sér um fræðslumál dómara. Nefndin annast útgáfu leikreglnanna á íslensku og sér um að dómara framfylgi þeim. Dómara nefnd er heimilt að skipa undirnefndir, sem t.d. hafi eftirlit með hæfnismálum, niðurröðun og fræðslumálum. Dómara nefnd er heimilt að fela skrifstofu HSÍ að framkvæma þau verkefni sem henni er falið í reglum þessum og koma fram fyrir hennar hönd.

Helstu verkefni dómara nefndar eru eftirfarandi:

- a. að halda skrá yfir alla starfandi dómara og eftirlitsmenn
- b. að hafa yfirumsjón með fræðslu og menntun dómara, eftirlitsmanna, tímavarða og ritara ásamt því að annast þolpróf og skrifleg próf dómara
- c. að setja árleg fyrirsmæli fyrir dómara
- d. að annast útgáfu leikreglnanna á íslensku og úrskurða um túlkun þeirra
- e. að tilnefna deildardómara úr hópi C-stigs dómara
- f. að annast niðurröðun dómara á leiki á vegum HSÍ í samræmi við reglugerð HSÍ um handknattleiksmót
- g. að hafa eftirlit með störfum dómara innanlands og er þeir fara erlendis
- h. að annast niðurröðun eftirlitsmanna á leiki skv. reglugerð HSÍ um dómara og eftirlitsmenn
- i. að veita aðildarfélögum og öðrum innlendum aðilum ráðgjöf um dómaramál.



- j. að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi um dómaramál innan EHF og með áherslu á samstarf Norðurlanda
- k. að sjá um erlend samskipti á sviði dómaramála
- l. að gera tillögur til stjórnar HSÍ um dómara og eftirlitsmenn á lista EHF
- m. að tilnefna dómara og eftirlitsmenn til starfa erlendis
- n. að svipta dómara réttindum samkvæmt ákvæðum reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót og reglugerðar HSÍ um dómara og eftirlitsmenn

#### **4. gr. Önnur störf**

Dómaranefnd skal annast önnur þau störf, sem stjórn HSÍ kann að fela henni á hverjum tíma.

#### **5. gr. Ágreiningsmál**

Stjórn HSÍ sker úr öllum ágreiningsatriðum, sem kunna að rísa út frá reglum þessum.

#### **6. gr. Gildistaka**

Starfsreglur þessar taka þegar gildi.

*Samþykkt af stjórn HSÍ 1. febrúar 2017*